

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-32/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 7. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 14. apríl sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 2. maí. Með bréfi, dags. 13. maí, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 14. maí. Með bréfi, dags. 16. maí, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 3. júní. Hinn 20. júní sendi kæruneftndin seljanda frekari gögn sem borist höfðu frá álitsbeiðanda og gaf honum frest til 4. júlí til að gera athugasemdir við þau gögn. Engar athugasemdir bárust og engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 1. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 1. febrúar 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 800.000. Var bifreiðin af gerðinni Jeep Grand Cherokee Overland, árgerð 2001, fyrst skráð 17. janúar 2006 og var á kaupdegi ekin 137.000 km samkvæmt því sem fram kemur í kaupsamningi og afsali. Segir álitsbeiðandi að þegar hann hafi farið með bifreiðina til skoðunar hjá Frumherja hafi komið í ljós að sílsar bifreiðarinnar voru mikið ryðgaðir. Í kjölfarið hafði álitsbeiðandi samband við bifreiðasölu þá er hafði milligöngu um kaupin, sem og seljanda bifreiðarinnar og tjáði þeim að hann krefðist þess að seljandi tæki á sig helming kostnaðar við viðgerð á sílsunum. Þegar hafist var handa við viðgerðina kom hins vegar í ljós að sílsarnir voru í mun verra ástandi en talið var. Í kjölfarið hafði álitsbeiðandi aftur sambandi við bifreiðasöluna og krafðist þess að kaupunum yrði rift. Þeirri kröfu hafi seljandi bifreiðarinnar hins vegar hafnað. Segist álitsbeiðandi hafa fengið tilboð í viðgerð á bifreiðinni frá tveimur aðilum og hljóði áætlanir þeirra aðila upp á annars vegar kr. 340.000 og hins vegar á bilinu kr. 4-500.000. Segir álitsbeiðandi að sílsar bifreiðarinnar hafi verið fylltir með frauði og síðan málað yfir þá, sem verði að teljast afar óeðlilegur frágangur.

Í fylgigögnum frá álitsbeiðanda, sem bárust nefndinni hinn 20 júní sl., er m.a. að finna tilboð í viðgerð á bifreiðinni að fjárhæð kr. 340.000, dags. 12. mars sl., afrit úr ökutækjaskrá og afrit af kaupsamningi og afsali. Sem fyrr segir krefst seljandi riftunar á kaupunum.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi eignaðist umrædda bifreið hinn 1. nóvember 2012. Númer bifreiðarinnar hafi verið lögð inn hinn 13. desember s.á. og bifreiðin því ekki verið í notkun fyrr en hinn 7. maí 2013 þegar númerin voru tekin aftur út og farið með bifreiðina í aðalskoðun. Við þá skoðun kom í ljós lekamengun sem seljandi lét lagfæra. Númer voru aftur lögð hinn 28. júní 2013 og fór bifreiðin þá ekki aftur í umferð fyrr en 27. janúar sl., nokkrum dögum áður en bifreiðin var seld. Segir seljandi að á meðan bifreiðin var í hans eigu hafi hann aðeins ekið henni um 2-3.000 km. Rekur seljandi næst að áljitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina hinn 1. febrúar sl. Í afsali komi fram um ástand ökutækis að lögbundin aðalskoðun fylgi til ársins 2014, dags. 1. febrúar 2014. Einnig kemur fram í ástandslýsingu seljanda að bifreiðin hafi ekki laskast verulega í umferðaróhappi né leki hún kælivökva eða smurolífu. Þá bendir seljandi á að í afsali hafi komið fram að áljitsbeiðandi væri hvattur til að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Það hafi áljitsbeiðandi ekki gert. Segir seljandi að við aðalskoðun bifreiðarinnar hinn 4. febrúar hafi komið í ljós að sílsar voru farnir að ryðga. Áljitsbeiðandi hafi þá haft samband og sagt að gera þyrfti við bifreiðina fyrir um kr. 150.000. Segist seljandi ekki hafa vitað af ryðinu þegar hann seldi bifreiðina, en engu að síður ákveðið að bjóða áljitsbeiðanda að hann myndi greiða 50% af kostnaði vegna viðgerðarinnar. Í kjölfarið hafi hann greitt áljitsbeiðanda kr. 75.000 og talið að málinu væri þar með lokið. Telur seljandi að hann hafi sýnt sanngirni í málinu enda um að ræða gamla bifreið. Hinn 7 apríl segist seljandi síðan hafa fengið veður af því að áljitsbeiðandi hafi leitað til kærunefndarinnar. Eins að áljitsbeiðandi teldi nú að viðgerð á sílsum yrði dýrari en áður hafði verið talið. Telur seljandi að ljóst megi vera að kaup á 13 ára gamalli bifreið sé ákveðin áhættufjárfesting. Áljitsbeiðanda hafi verið bent á að kynna sér bifreiðina vel og fá óháðan aðila til að meta ástand hennar. Bifreiðin hafi verið seld í því ástandi sem hún var í á kaupdegi og áljitsbeiðandi verði að bera hallan af því að hafa ekki kynnt sér ástand bifreiðarinnar betur fyrir kaupin. Seljandi ítrekar að hann lítur á greiðslu kr. 75.000 vegna ryðs í sílsum sem umfram skyldu sína og að hann hafi ekki vitað að bifreiðin væri ryðguð. Þá telur seljandi að umrætt ryð hefði uppgötvast hefði kunnáttumaður skoðað bifreiðina. Að lokum vísar seljandi til ákvæða laga nr. 48/2003 um neytendakaup, máli sínu til stuðnings.

V

Athugasemdir áljitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum áljitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að áljitsbeiðandi hafi ítrekað reynt, fyrir kaupin, að fá bifreiðina inn á bifreiðasöluna til að geta farið með hana í söluskoðun. Seljandi hafi hins vegar ekki sinnt beiðnum þar að lútandi í 10 daga, en loks þegar komið var með bifreiðina hafi verið laugardagur og allstaðar lokað. Að auki hafi verið mjög slæmt veður umræddan dag og því hafi áljitsbeiðandi ekki skoðað bifreiðina sérstaklega. Telur áljitsbeiðandi að seljandi hafi augljóslega ekki viljað að bifreiðin yrði söluskoðuð fyrir kaupin. Þá segir áljitsbeiðandi að fyrst í stað hafi hann talið að viðgerð á bifreiðinni myndi kosta á bilinu kr. 150-200.000. Eftir að bifreiðin fór á verkstæði hafi komið í ljós að upphæðin yrði hærri. Áljitsbeiðandi hafi þá haft samband við seljanda símléiðis sem hafi sagt við hann orðrétt: „Ég er ekki til í að standa undir kostnaði á ónýtum bíl“. Telur áljitsbeiðandi að seljandi hafi sagt þetta þar sem hann hafi vitað í hvaða ástandi bifreiðin var, þótt erfitt sé að fullyrða þar um.

VI

Frekar andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi vísar því á bug að hann hafi ekki viljað koma með bifreiðin fyrr á bifreiðasöluna til að komast hjá því að hún færi í

gegnum söluskoðun. Segist seljandi þvert á móti ekkert hafa gert til að reyna að hafa áhrif á að álitsbeiðandi kynnti sér ástand bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi verið seld í því ástandi sem hún var og ekki sé um leyndan galla að ræða. Þá segist seljandi hafa gengist við samkomulagi vegna ryðskemmda, en eftir að hafa kynnt sér málið frekar telur hann að hann hefði ekki þurft að greiða álitsbeiðanda vegna þeirra. Þar sem álitsbeiðandi virðist ekki ætla að standa við það samkomulag krefst seljandi þess að álitsbeiðandi endurgreiði sér kr. 75.000.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 1. febrúar sl. fyrir kr. 800.000. Bifreiðin er árgerð 2001 og fyrsti skráningardagur hennar 17. janúar 2006. Bifreiðin var því um 13 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 137.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið, dags. 1. febrúar 2014, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður

þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur síðan fram að álitsbeiðandi telji að seljandi hafi vitað af því að fyllt hafði verið upp í sílsa bifreiðarinnar með kvoðu og síðan málað yfir þá. Gegn mótmælum seljanda hefur álitsbeiðanda hins vegar ekki tekist að sanna þessa fullyrðingu sína og telur nefndin því vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Kærunefndin telur að þrátt fyrir að álitsbeiðandi hafi ekki sinnt skoðunarskyldu sinni sem skyldi við kaup á bifreiðinni, verði engu að síður að fallast á með honum að hið bagalega ástand sílsa bifreiðarinnar og sú staðreynd að gengið hafði verið frá þeim með þeim hætti sem rakið var að framan, leiði til þess að ástand bifreiðarinnar var verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna. Breytir þar engu um að álitsbeiðanda hafi ekki tekist að sýna fram á að seljandi hafi vitað af því hvernig viðgerðinni á sílsunum hafði verið háttað. Er bifreiðin því, að mati nefndarinnar, haldin galla í skilningi téðs lagaákvæðis.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að kaupunum verði rift skv. ákvæðum 32. gr. laganna. Skilyrði þess að kaupum verði rift skv. 32. gr. eru þau að galli á söluhlut teljist verulegur. Í ljósi þess að bifreiðin sem um ræðir var um 13 ára gömul og hafði verið ekið 137.000 km við kaupin, telur kærunefndin að álitsbeiðandi hafi mátt búast við því að til kostnaðarsamra viðgerða kæmi fyrr en síðar. Því sé ekki um verulegan galla að ræða í skilningi 32. gr. laganna. Álitsbeiðandi eigi hins vegar rétt á afslætti skv. 31. gr. laganna. Telur kærunefndin rétt að sá afsláttur nemi helmingi áætlaðs viðgerðarkostnað, eða kr. 170.000. Þar af hefur seljandi þegar greitt álitsbeiðanda kr. 75.000. Telur því nefndin rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 95.000.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 95.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir